

Ár 2007, föstudaginn 2. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

I.

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Verkefni kjararáðs er meðal annars að ákveða laun og starfskjör ríkisstarfsmanna, sem svo er háttáð um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögnum er ekki kveðið nánar á um hverjir það eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um það til hverra ákvörðun þess um laun og starfskjör nái.

Kjararáð úrskurðaði hinn 23. janúar 2007 að heyra skyldi undir ráðið að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

II.

Með bréfum dagsettu 26. janúar 2007 gaf kjararáð menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið. Forstöðumaðurinn hafði lýst afstöðu sinni í bréfi dagsettu 24. október 2006. Í bréfi dagsettu 1. febrúar 2007 vísaði menntamálaráðuneytið til fyrra bréfs ráðuneytisins til kjararáðs dagsetts 6. nóvember 2007, þar sem lýst var stjórnskipulagi og verkefnum hinnar nýju stofnunar samkvæmt lögum sem um hana gilda nr. 40/2006. Auk þess var vakin athygli á erindisbréfi fyrir forstöðumanninn. Þar komi meðal annars fram að forstöðumaður stjórnri starfsemi og rekstri stofnunarinnar, ráði starfsmenn og sé í fyrirsvari fyrir hana. Hann beri ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og afkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Starfsmenn stofnunarinnar séu nú 41. Forstöðumaðurinn hafi yfirumsjón með húsakynnum stofnunarinnar og öllum eignum hennar. Ráðuneytið lagði til að laun og starfskjör forstöðumannsins tækju mið af kjörum þeirra embættismanna sem sambærilegir teldust með tilliti til umfangs starfs og ábyrgðar. Fjármálaráðuneytið tók ekki afstöðu til málsins í bréfi sínu dagsettu 7. febrúar 2007.

Eins og áður segir lýsti forstöðumaðurinn afstöðu sinni í bréfi dagsettu 24. október 2006. Þar sagði hann að kjör hans í fyrra starfi sem forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi hefðu verið við það miðuð að hann væri prófessor við hugvísindadeild Háskóla Íslands, ráðinn af háskólarektor, þótt laun hans hefðu komið frá Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Hefðu þau því farið eftir stigamati og ákvörðun kjaranefndar um aukastig vegna forstöðumannsstarfsins, en því til viðbótar hefðu komið árlegar greiðslur úr ritlaunasjóði prófessora. Starfsmenn á hinn nýju stofnun væru um það bil tvöfalt fleiri en á hinn fyrri og umsvif öll og fjármunavelta hefðu aukist að sama skapi.

Í erindisbréfi forstöðumannsins segir að hann sé ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi stofnunarinnar, en meiri háttar ákvarðanir skuli hann bera undir stjórn. Hann ráði starfsfólk og hafi yfirumsjón með húsakynnum og öllum eigum stofnunarinnar.

III.

Lög nr. 40/2006 um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tóku gildi 1. september 2006. Stofnunin varð til við sameiningu Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Orðabókar Háskóla Íslands, Íslenskrar málstöðvar, Örnefnastofnunar Íslands og Stofnunar Sigurðar Nordals. Hún er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir menntamálaráðherra. Hún hefur náin tengsl við Háskóla Íslands og er hluti af fræðasamfélagi hans. Hún varðveitir handrit og skjalagögn sem afhent voru samkvæmt sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar og Konunglega bókasafnsins í Kaupmannahöfn frá Kaupmannahöfn til Íslands. Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, að miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla þau söfn sem henni eru falin eða hún á. Menntamálaráðherra skipar stofnuninni fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn, þrjá samkvæmt tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands og tvo án tilnefningar. Hlutverk stjórnar er að vera forstöðumanni til ráðgjafar og veita honum umsagnir um starfsáætlanir og skipulag stofnunarinnar. Menntamálaráðherra kveður á um skipulag stofnunarinnar í reglugerð að fenginni tillögu forstöðumanns og umsögnum stjórnar og húspings. Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar. Forstöðumaðurinn skal hafa hæfi sem prófessor á fræðasviði stofnunarinnar. Hann stjórnar starfsemi og rekstri stofnunarinnar, ræður starfsmenn og er í fyrirsvari fyrir hana, ber ábyrgð á rekstri hennar og að starfsemin sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Við gildistöku laga um stofnunina tók hún við eignum og skuldbindingum Íslenskrar málstöðvar, Orðabókar Háskólans, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, Stofnunar Sigurðar Nordals og Örnefnastofnunar Íslands.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er ný stofnun og hafa forstöðumanninum því ekki verið ákveðin laun áður. Við ákvörðun launa hans hefur meðal annars verið höfð hliðsjón af launum forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi eins og þau voru, sem er ein þeirra stofnana sem mynda hina nýju stofnun, en tillit hefur verið tekið til aukinna umsvifa stofnunarinnar. Forstöðumanninum eru ákveðin laun sem embættismanni, en ekki sem prófessor eins og áður. Auk þess hefur verið litið til launa forstöðumanna hliðstæðra stofnana, bæði stofnana sem heyra undir menntamálaráðuneytið og önnur ráðuneyti.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 12. september 2006 skulu mánaðarlaun forstöðumanns Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki

129, nú 527.764 krónur. Að auki skal greiða honum 20 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 130 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.462 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstöðumannsins gilda reglur kjaranefndar frá 18. júní 2003 þar til annað verður ákveðið.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir